

Skólaráðsfundur 15. desember 2022

Mættir: Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri, Jóhann Gunnar fulltrúi kennara, Hulda H fulltrúi kennara, Vordís Heimisdóttir fulltrúi starfsmanna, Magnea Ósk fulltrúi foreldra, Vala Rún Vilhjálmsdóttir fulltrúi foreldra, fulltrúi grenndarsamfélagsins, Íris Björk fulltrúi nemenda og Frosti Kjartan fulltrúi nemenda og Hámundur Örn framkvæmdarstjóri UMFN.

- Ásgerður lagði fram endurskoðaða Skólanámskrá sem gildir næstu þrjú ár. Skólanámskrá lögð fram til samþykktar og einróma samþykkt með undirskrift fundarmanna.
- Ásgerður kynnti fyrirkomulag skólaþings sem er fyrirhugað 17. janúar 2023.
- Önnur mál:
 - Farið yfir endurbætur á skólalóð, Ásgerður fór stuttlega yfir tillögur hönnuðar en ákveðið var að fara betur yfir þetta á næsta skólaráðsfundi
 - Magnea, formaður foreldrafélagsins spurði um hvernig var tekið í gjöf foreldrafélagsins að fá kakó og piparkökur í alla bekki og það var samróma álit fulltrúa kennara, starfsmanna, nemenda og stjórnenda að þetta tókst frábærlega.
 - Rætt um föndurdaginn og jólamatinn sem var 14. desember og tókst mjög vel. Skólinn greiðir matarmiða fyrir þá nemendur sem eru ekki í áskrift þennan dag.
 - Ásgerður þakkar fundarmönnum og óskar þeim gleðilegra jóla.

Fundarritun: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri.